

## FW: Erindi til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

**Til** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Frá** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Heiti** : FW: Erindi til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar  
**Málsnúmer** : 1610134  
**Málsaðili** : Emil Jón Ragnarsson  
**Skráð dags** : 11.11.2016 12:56:47  
**Höfundur** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir

---

**From:** Ólafur Ingi Tómasson

**Sent:** 4. nóvember 2016 09:47

**To:** Sigurður Haraldsson <[SiggiH@hafnarfjordur.is](mailto:SiggiH@hafnarfjordur.is)>; Hildur Bjarnadóttir <[hildur@hafnarfjordur.is](mailto:hildur@hafnarfjordur.is)>

**Subject:** FS: Erindi til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Sæl veið þið.

Meðf. erindi barst mér vegna bátsins við Lónið.

Eins og komið hefur fram hjá mér í samtölum okkar Hildur þá styður ráðið þig í þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til á þessu svæði, sjálfur hef ég beitt mér í málinu og er þeirrar skoðunar að við eigum að fylgja þessu fast eftir þar til allt rusl og lausamunir verði fjarlægð af landi bæjarins á þessu svæði, sem og öðrum. Hvað varðar erindi Emils þá held ég að rétt væri að taka það fyrir í ráðinu sem mun taka afstöðu til þess.

*Kveðja*

*Ingi Tómasson*

*bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarbæ*

*formaður skipulags- og byggingarráðs*

*sími 6645554*

---

**Frá:** Emil [[emil\\_ragnarsson@hotmail.com](mailto:emil_ragnarsson@hotmail.com)]

**Sent:** 4. nóvember 2016 08:27

**Til:** Ólafur Ingi Tómasson

**Efni:** Erindi til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Ég undirritaður Emil J. Ragnarsson er með bát á vagni við bátaskýli við Hvaleyrarlón í Hafnarfirði. Farið hefur verið fram á það við mig að ég fjarlægji bátinn af svæðinu. Ég óska hér með eftir því að báturinn fái að standa þar sem hann er, eða að öðrum kosti vestan við vestasta skýlið. Þar fái hann að standa þar til brautin við vestasta skýlið hefur verið hækkuð í samræmi við hækkun skýlisins - breytingu sem verði lokið ekki síðar en 1. maí nk.. Bátum verði komið fyrir í endurnýjaðir brautinni ekki síðar en 1. maí 2017.

Eins og fram hefur komið, þá var skýlið enduruppbyggt til að þjónusta bát, enda bátaskýli. Endurnýjun dráttarbrautarinnar mun ekki síður taka mið af þessum tiltekna bát og þá fyrst og fremst lögum vagnsins sem bera mun bátinn. Það er því augljóslega mikið hagræði fólgandi í því að hafa bátinn innan seilingar við framkvæmdirnar.

Varðandi þá athugasemd að báturinn sé búinn að standa þar sem hann er, á landi Hafnarfjarðarbæjar, í langan tíma og þar með verði hann að hverfa á braut eins og hendi sé veifað, þá er því til að svara:

1. Ekki hefur verið amast við bátum allan þennan tíma - ekki fyrir að mér barst bréf í ágúst sl. Þannig að varla getur verið um uppsafnaða armæðu að ræða vegna bátsins. Ef slíkt er vegna einhvers annars, þá ætti etv.

að beina því að öðru en bátnum.

2. Svæðið hefur þar til nýlega verið skilgreint sem hafnsækið, enda tilheyrt höfninni og því hef ég verið með bátinn þarna í góðri trú. Auk þess endurbyggði ég bátaskýlið á sömu forsendum. Enda er áratuga hefð fyrir því að geyma báta og vagna utanhúss á svæðinu.

3. Breyting sem gerð hefur verið á bátaskýlinu og útilokar að báturinn sé tekinn í hús til viðgerða, var gerð með fullu samþykki Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfirði 4. nóvember 2016,

Emil J. Ragnarsson

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)